



Lúxemborg, 14. júlí 2017

FRÉTTATILKYNNING 07/2017

Dómur í máli E-9/16 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Noregi*

NORSKA RÍKIÐ BRAUT EKKI GEGN EES-RÉTTI MEÐ ÞVÍ AÐ VIÐHALDA AÐ LANDSRÉTTI TAKMÖRKUN VARÐANDI EFNI SEM BEIÐ LOKAÁKVÖRÐUNAR SAMKVÆMT REACH-REGLUGERÐINNI

Í dómi sem kveðinn var upp í dag sýknaði EFTA-dómstóllinn Noreg af kröfu Eftirlitsstofnunar EFTA („ESA“) sem byggði á því að norska ríkið hefði gerst brotlegt gegn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni („REACH-reglugerðin“), með því að viðhalda að landsrétti takmörkun á efninu perflúroktansýru í neytendavörum („PFOA“).

Norska takmörkunin á PFOA tók gildi í maí 2013 og ESA var tilkynnt um hana í ágúst 2013. Í október 2014 lagði Noregur fram, ásamt Þýskalandi, málsskjöl til Efnastofnunar Evrópu á grundvelli 4. mgr. 69. gr. REACH-reglugerðarinnar, þar sem lagt var til að takmarka PFOA á öllu EES-svæðinu.

ESA höfðaði sammingsbrotamál gegn norska ríkinu og hélt því fram að REACH-reglugerðin hefði haft í för með sér samræmingu á öllum efnum sem féllu innan gildissviðs hennar. Þannig gætu takmarkanir á efnum sem sköpuðu áhættu á öllu EES-svæðinu einungis verið innleiddar í samræmi við málsmeðferðina varðandi takmarkanir samkvæmt 69. til 73. gr. reglugerðarinnar. Takmarkanir að landsrétti væru þannig óheimilar, nema um væri að ræða brýna ráðstöfun í samræmi við málsmeðferðina í 129. gr. Norska ríkið hefði ekki fylgt þeirri málsmeðferð. Þar af leiðandi hélt ESA því fram að norska takmörkunin á PFOA hefði brotið gegn REACH-reglugerðinni.

Norska ríkið hélt því fram að takmörkunin að landsrétti væri réttlætanleg með vísan til 2. mgr. 128. gr. REACH-reglugerðarinnar. Umrætt ákvæði heimilar EES-ríkjunum að viðhalda eða mæla fyrir um reglur til að vernda starfsmenn, heilbrigði manna og umhverfið sem gilda í þeim tilvikum þar sem ekki eru ákvæði í REACH-reglugerðinni sem samræma kröfur um framleiðslu, markaðssetningu eða notkun. Þar sem REACH-reglugerðin hefði ekki takmarkað PFOA hélt norska ríkið því fram að kröfur um PFOA hefðu ekki verið samræmdar í skilningi 2. mgr. 128. gr. og þar af leiðandi hefði verið heimilt að mæla fyrir um takmarkanir að landsrétti á PFOA, að teknu tilliti til meginreglna EES-sammingsins um frjálsa flutninga.

Dómstóllinn tók fram að réttmætt gæti verið að EES-ríki teldi tilefni til að mæla fyrir um eða viðhalda takmörkunum að landsrétti vegna heilbrigði manna eða umhverfisins á meðan beðið væri eftir niðurstöðu samkvæmt REACH-reglugerðinni. Efni, sem ekki hefði enn sætt samræmingu, gæti veitt EES-ríki nægilega gilda ástæðu til að grípa til ráðstafana þar til málsmeðferðinni varðandi takmarkanir samkvæmt REACH-reglugerðinni væri lokið. Undir slíkum kringumstæðum ætti 2. mgr. 128. gr. REACH-reglugerðarinnar við og gæti þar með stutt við hina almennu varúðarreglu með skilvirkum hætti í því skyni að viðhalda öflugri heilsuvernd manna og umhverfisvernd.

Með vísan til forsögu REACH-reglugerðarinnar komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að 2. mgr. 128. gr. fæli í sér viðbót við verndarákvæðið í 129. gr. og veitti EES-ríkjunum rétt til að

mæla fyrir um ráðstafanir að landsrétti varðandi efni sem ekki hefðu sætt samræmingu samkvæmt REACH-reglugerðinni.

Dómstóllinn tók jafnframt fram að slík túlkun á 2. mgr. 128. gr. gengi ekki gegn því kerfi sem REACH-reglugerðin kæmi á fót. Slík ráðstöfun væri til bráðabirgða og yrði ekki viðhaldið í andstöðu við endanlega niðurstöðu samkvæmt málsmeðferð reglugerðarinnar um takmarkanir. Enn fremur bæri EES-ríkjum í slíkum tilvikum að hefja jafnframt málsmeðferð varðandi takmörkun samkvæmt 4. mgr. 69. gr. REACH-reglugerðarinnar. Það leiddi af 3. gr. EES-samningsins að EES-ríkjunum bæri að fullnægja þessari skyldu án tafar. Misbrestur á því gæti leitt til þess að ESA eða framkvæmdastjórnin höfðuðu sammingsbrotamál.

Dómstóllinn komst þannig að þeirri niðurstöðu að kröfur um framleiðslu, markaðssetningu eða notkun á efni samkvæmt 2. mgr. 128. gr. REACH-reglugerðarinnar væru einungis samræmdar þegar endanleg ákvörðun lægi fyrir samkvæmt málsmeðferð REACH-reglugerðarinnar um takmarkanir. Þar sem slík endanleg ákvörðun hefði ekki legið fyrir um PFOA í lok þess frests, sem mælt hefði verið fyrir um í rökstuddu áliti ESA, hefði norska ríkið ekki brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt REACH-reglugerðinni með því að mæla fyrir um takmörkun á PFOA í efnunum til bráðabirgða á grundvelli 2. mgr. 128. gr.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.